

Sumarlokun leikskólans Barnabóls verður frá **10. júlí til 14. ágúst 2006**

Börnin tólf úr elsta árgangi leikskólans hafa smátt og smátt verið að yfirgefa leikskólann með tilheyrandi kveðjuveislum. Það gætir nokkurs trega hjá starfsfólkinu þegar „börnin okkar“ kveðja, en þar sem flest þeirra fara í Höfðaskóla fáum við þau væntanlega í heimsókn næsta vetur. Í maí – júní hafa fimm ung börn byrjað á Sæbóli og elstu börnin þar flytja sig yfir á Lund.

Að venju hefur verið mikið á dagskrá í maí og júní m.a.; útskrift úr hópastarfinu, sveitaferðin að Steynnýjarstöðum var velheppnuð og dýrin alltaf jafn áhugaverð ekki síst þonsulitlu kettlingarnir sem mátti taka upp og klappa.



Útsæðið fór í mold 8. júní og vonandi verður uppskeran betri en í fyrra en þá eyðilögðu skemmdarvargar kartöflugrösin okkar.

Mikið hefur verið unnið með tónlist og söng á elstu barnadeildinni Lundi í vetur og börnin flutt tónverkið um eldinn í iðrum jarðar út í bæ og á leikskólanum fyrir foreldra sína. Og má sjá börnin stilla sér upp fyrir flutning á verkinu.



Árlegur íþróttadagur var að þessu sinni á nýja sparkvellingnum þar sem farið var í fótbolta, þrautir og leiki og að lokum stigu börn, foreldra og starfsfólk á verðlaunapall og fengu þátttökuverðlaun og hressingu. Og yngstu börnin stóði sig afar vel í alls konar þrautum.

Ég get þetta alveg!



Líka við!



Og ég ætla að teikna París!



Hinir sívinsælu hjóladaga eru alla fimmtudaga frá og með 18. maí eða eftir þa leikfimin hættir. Þá mega börnin vera með hjólin sín á leikskólalóðinni, æfa sig að hjóla og fara eftir umferðareglum, að sjálfsgöðu verða allir að vera með hjálm, nema á þrihjólnum.

Mikill spenningur var hjá elstu börnunum fyrir útskriftarferðina í Skíðaskálann sem að þessu sinni var dagana 13.-14 júní. Lilja og Guðlaug fóru með börnunum og það var kalt í veðri en samt fengu allir að vaða í Hrafnánni sem er einn af kjarkæfingapátttum ferðarinnar. Leitað var að fjársjóði Þórdísar spákonu og eftir töluverða leit og spenning fannst hann grafinn í jörðu í „eldgömlum og gervi-kistli“ eins og eitt barnið sagði. Fjársjóðskistillinn fannst ekki fyrr en börnin höfðu farið tvisvar með töfraþuluna sem þarf að segja til að finna hann og aðeins við leikskólabúar kunnum!



Ætti ég að láta vaða? Já , komdu bara þetta er í lagi! Úpps, kalt, kalt, kalt.



Um, um, það er að koma hiti í tærnar aftur og gott að viðra þær smávegis áður en farið er í sokkana.

Í júní er að venju farið með börnin á Lundi í sund í júní og Sússa sundlaugarvörður er svo liðleg að opna fyrir okkur á morgnanna þó almennur opnunartím sé ekki fyrr er kl.13 og þökkum við kærlega fyrir það. Og við eigum eftir að taka þátt fullt af skemmtilegum atburðum fyrir sumarfrí t.d. sullu- og vatnsbyssudegi, karnivali, gönguferðum og grillveislu.

Á skipulagsdeginum 19. maí var starfsfólk leikskólans á skyndihjálparnámskeiði.

Guðlaug Grétarsdóttir kom aftur til starfa 1. júní og útskrifaðist sem leikskólakennari frá Háskólanum á Akureyri 10. júní og óskum við henni innilega til hamingju með það. Nýir afleysingarstarfsmenn komu inn í vor, Eygló Gunnarsdóttir og Þorbjörg Bjarnadóttir, sem er nýflutt til Skagastrandar og hefur margra ára reynslu af starfi á leikskóla. Einnig hefur ungt fólk úr bæjarvinnunni komið til starfa með okkur.

Óskum ykkur öllum gleðilegs sumarfrís  
Þórunn Bernóðusdóttir  
Leikskólastjóri